



# 45 samtök mótmæla harðlega ástandinu á Landsspítalanum

Fulltrúar 45 samtaka hafa sent frá sér sameiginlega ályktun vegna ástandins á Landsspítalanum þar sem lækun til reksturs spítalans, sem birtist í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár, er mótmælt harðlega. Í ályktuninni segir að um sé að „ræða niðurskurð sem kann að valda ómældum kostnaði fyrir spítalann og alla sem njóta þjónustu hans og þess öryggis sem því fylgir að hafa aðgang að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu“. Þau skora á „ríkisstjórn, fjárlaganefnd og Alþingi að gera nauðsynlegar breytingar á fjárlagafrumvarpinu til að tryggja að umhverfi sjúklinga, aðstaða starfsfólks og nema standist bæði lög og þann metnað sem íslensk þjóð vill sýna“.

Á meðal þeirra sem standa að yfirlýsingunni eru Geðhjálp, Félag eldri borgara, Neistinn-styrktarfélag hjartveikra barna, Öryrkjabandalag Íslands, Þroskahjálp, Astma- og ofnæmisfélag Íslands, MND félagið, Krabbameinsfélag Íslands og SÍBS.